

Greiðslujöfnuður við útlönd á þriðja ársfjórðungi og erlend staða þjóðarbúsins í lok september 2004

Á þriðja ársfjórðungi 2004 varð 5,3 milljarða króna halli á viðskiptum við útlönd samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Á sama tímabili í fyrra ári var viðskiptahallinn 10,3 milljarðar króna. Á fyrstu níu mánuðum ársins var viðskiptahallinn 36,3 milljarðar króna samanborið við 23,8 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Útflutningur vöru og þjónustu var 10,5% meiri á fyrstu níu mánuðum 2004 og innflutningur var um 16,6% meiri en á sama tímabili í fyrra reiknað á föstu gengi¹. Vöruskiptajöfnuður versnaði milli ára og þjónustujöfnuður líka enda þótt hann hafi verið hagstæðari á þriðja fjórðungi þar sem útflutt þjónusta jókst meira en innflutt þjónusta. Hallinn á þáttatekjum (laun, vextir og arður af fjárfestingu) var 5,8 milljarðar króna samanborið við 9,3 milljarða halla á fyrstu níu mánuðum í fyrra. Minni halli þáttatekna skýrist af auknum tekjum af fjárfestingum erlendis á sama tíma og vextir á erlendum lánamörkuðum haldast lágir. Hrein rekstrarframlög til útlanda sem að stærstum hluta eru framlög hins opinbera til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar námu 0,9 milljörðum króna og höfðu hækkað nokkuð frá fyrra ári.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Júlí - sept.</i>		<i>Janúar- september</i>	
	<i>2003</i>	<i>2004</i>	<i>2003</i>	<i>2004</i>
Viðskiptajöfnuður	-10,3	-5,3	-23,8	-36,3
Útflutningur vöru og þjónustu	80,2	91,5	219,0	240,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-87,4	-97,0	-233,1	-269,7
Þáttatekjur og framlög, nettó	-3,1	0,2	-9,7	-6,7
Fjármagnsjöfnuður	4,9	6,7	25,8	51,3
Hreyfingar án forða	14,7	10,0	35,8	65,1
Erlendar eignir, nettó	-31,1	-145,0	-99,7	-302,0
Erlendar skuldir, nettó	45,8	155,0	135,6	367,0
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-9,6	-3,2	-9,8	-13,6
<i>Skekkiur og vantalið, nettó</i>	5,3	-1,4	-2,0	-15,0

Fjármagnshreyfingar hafa sjaldan verið eins miklar og á þriðja ársfjórðungi 2004. Hreint fjárinnstreymi var 51,3 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem skýrist að stærstum hluta af

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var 0,8% lægri á fyrstu níu mánuðum 2004 en á sama tímabili árið áður.

skuldabréfaútgáfu innlendra banka í útlöndum. Fjárústreymi vegna kaupa Íslendinga á erlendum verðbréfum nam 48,9 milljörðum króna og bein fjárfesting erlendis 135,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þá var mikið fjárústreymi vegna annarrar eignamyndunar í útlöndum, einkum aukinna innstæðna og útlána innlendra banka til erlendra lánþega. Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 71,1 milljarði króna í lok september sl. og hafði aukist frá ársbyrjun um 13,6 milljarða króna.

Erlendar skuldir þjóðarinnar námu 623,2 milljörðum króna umfram erlendar eignir í lok september 2004. Erlendar eignir námu um eitt þúsund milljörðum króna og höfðu aukist um 280 milljarða króna frá lokum síðasta árs. Þessari eignamyndun og viðskiptahallanum var mætt með aukinni erlendri skuldsetningu þjóðarinnar. Erlendar skuldir námu eitt þúsund og sex hundruð milljörðum króna í lok september eða tæplega tvöfaldri áætlaðri landsframleiðslu ársins. Meðfylgjandi töflur sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins á árinu 2004 ásamt endurskoðuðum tölum fyrri ára þar sem beinar fjárfestingar og tekjur af þeim hafa verið leiðréttar með nýjum upplýsingum fyrir árin 2002 og 2003.

Mánudaginn 6. desember nk. birtast töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans (www.seðlabanki.is). Einnig verður birt yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar verður einnig að finna yfirlit um erlenda stöðu Seðlabankans og innlánsstofnana, auk ítarlegri upplýsinga um ferðalög milli landa, verðbréfavíðskipti og beina erlenda fjárfestingu.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Júlí - sept.		Janúar - sept.		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2003	2004	2003	2004	
Viðskiptajöfnuður	-10.296	-5.272	-23.821	-36.308	
Útflutningur vöru og þjónustu	80.244	91.447	219.002	240.128	10,5%
Innflutningur vöru og þjónustu	-87.403	-96.945	-233.045	-269.734	16,6%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-3.137	226	-9.778	-6.702	-30,9%
Vöruskiptajöfnuður	-10.249	-12.399	-10.604	-25.668	
Útfluttar vörur, f.o.b.	44.498	50.064	137.153	148.957	9,4%
Innfluttar vörur, f.o.b.	-54.747	-62.463	-147.757	-174.625	19,1%
Þjónustujöfnuður	3.090	6.901	-3.439	-3.938	
Útflutt þjónusta, alls	35.746	41.383	81.849	91.171	12,2%
Samgöngur	15.774	23.748	38.733	52.296	36,1%
Ferðalög	11.314	12.109	19.756	21.504	9,7%
Önnur þjónusta	8.658	5.526	23.360	17.371	-25,1%
Innflutt þjónusta	-32.656	-34.482	-85.288	-95.109	12,4%
Samgöngur	-11.647	-13.470	-30.049	-36.884	23,7%
Ferðalög	-12.071	-13.565	-29.236	-35.215	21,4%
Önnur þjónusta	-8.938	-7.447	-26.003	-23.010	-10,8%
Þáttatekjur, nettó	-3.287	458	-9.252	-5.826	
Tekjur	6.943	11.795	19.463	29.329	51,9%
Laun	1.649	1.434	4.656	4.199	-9,1%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	5.294	10.361	14.807	25.130	71,0%
Gjöld	-10.230	-11.337	-28.715	-35.155	23,4%
Laun	-83	-175	-360	-568	59,0%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	-10.147	-11.162	-28.355	-34.587	22,9%
Rekstrarframlög	150	-232	-526	-876	
Fjármagnsjöfnuður	4.949	6.696	25.837	51.317	
Fjárframlög, nettó	-177	-22	-210	-192	
Fjármagnshreyfingar ³	5.126	6.718	26.047	51.509	
Hreyfingar án forða	14.688	9.952	35.844	65.112	
Bein fjárfesting, nettó	-4.076	-88.426	-10.305	-119.030	
Innlendir aðilar erlendis	-6.384	-95.048	-11.909	-135.272	
Erlendir aðilar á Íslandi	2.308	6.622	1.604	16.242	
Verðbréfavíðskipti, nettó	72.417	128.674	158.657	294.490	
Erlend verðbréf	-13.373	-14.826	-27.427	-48.923	
Hlutafé	-11.471	-13.969	-23.486	-45.984	
Skuldaskjöl	-1.902	-857	-3.941	-2.939	
Innlend verðbréf	85.790	143.500	186.084	343.413	
Hlutafé	453	3.556	-3.839	2.099	
Skuldaskjöl	85.337	139.944	189.923	341.314	
Annað fjármagn, nettó	-53.653	-30.296	-112.508	-110.348	
Eignir	-11.334	-35.187	-60.414	-117.784	
Skuldir	-42.319	4.891	-52.094	7.436	
Gjaldeyrisforði	-9.562	-3.234	-9.797	-13.603	
Skekkjur og vantalið	5.347	-1.424	-2.016	-15.009	
Gengisvísitala (1994 = 100)	107,2	104,0	104,7	103,9	-0,8%

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjárfélagshreyfingu vegna eignaaaukningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	2001	2002	2003	<i>Júní *</i> 2004	<i>Sept. *</i> 2004
I. Erlendar eignir, alls	421,5	395,6	683,7	846,0	963,4
1 Bein fjárfesting erlendis	86,8	87,5	118,7	146,7	223,1
11 Eigið fjármagn	66,8	67,6	107,3	122,9	195,8
12 Lán til tengdra félaga	19,9	19,9	11,5	23,8	27,2
2 Erlend markaðsverðbréf	202,9	159,7	241,7	282,4	291,2
21 Hlutfé	188,4	149,3	226,1	264,6	272,6
22 Skuldaskjöl	14,6	10,4	15,5	17,7	18,6
221 Skuldabréf	11,8	9,6	15,1	17,6	18,4
222 Peningabréf	2,8	0,8	0,4	0,1	0,2
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	95,2	111,2	265,2	348,5	378,0
5 Gjaldeyrisforði	36,6	37,2	58,1	68,5	71,1
II. Erlendar skuldir, alls	1.009,0	966,6	1.238,0	1.443,1	1.586,6
1 Bein fjárfesting á Íslandi	70,8	64,3	86,0	85,9	99,9
11 Eigið fjármagn	63,4	56,1	61,8	61,0	75,6
12 Lán frá tengdum félögum	7,4	8,2	24,3	24,8	24,3
2 Innlend markaðsverðbréf	468,0	468,3	754,7	955,9	1.093,6
21 Hlutfé	5,6	7,9	5,9	8,1	10,5
22 Skuldaskjöl	462,4	460,4	748,8	947,8	1.083,1
221 Skuldabréf	379,4	388,4	619,1	796,4	925,3
222 Peningabréf	83,0	72,0	129,7	151,4	157,8
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	470,2	434,1	397,2	401,3	393,2
41 Löng lán	377,0	296,2	251,5	250,0	239,8
42 Skammtímaskuldir	93,2	137,9	145,7	151,3	153,4
III. Hrein staða við útlönd	-587,5	-571,0	-554,3	-597,1	-623,2
1. Áhættufjármagn, nettó	198,7	164,6	252,9	317,3	385,3
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-786,2	-735,6	-807,2	-914,4	-1.008,5
21 Seðlabankinn	21,7	20,8	58,1	68,3	70,7
22 Hið opinbera	-239,6	-226,9	-218,6	-215,9	-218,3
23 Innlánsstofnanir	-377,4	-368,0	-476,6	-603,1	-700,9
24 Aðrir geirar	-191,0	-161,6	-170,1	-163,8	-160,0
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	102,95	80,58	70,99	76,38	70,85
IV. Skuldahlutföll, % af VLF: ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-75,7	-79,0	-69,5	-67,7	-72,6
12 Hrein skuldastaða ²	101,4	101,7	101,2	103,6	117,5
13 Erlend skuldastaða ³	120,2	123,7	143,7	152,9	172,0
131 þ.a. langtímaskuldir	97,5	94,7	109,2	118,6	135,8

*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.